

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, Blómsturvallavegur, Hörgárbyggð.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, frá 14. október 2002.

Breytingin felst í því að athafnasvæði við vegamót Blómsturvallavegar og Hringveggar 1 minnkar til austurs og stækkar til norðurs og vesturs og verður eftir breytingu 15,5 ha að stærð. Landnotkun á svæðinu breytist í „athafna-, verslunar- og þjónustusvæði“.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Hörgárbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 15. ágúst 2007.*

**Pórunn Sveinbjarnardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 16. ágúst 2007